

## **AMF – Atvinnu, menningar og ferðamálanefnd Langanesbyggðar.**

Fundur 19. október 2010

**Mættir:** Karen Konráðsdóttir og Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, auk þess Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri

Fundarboðun rædd, fundur boðaður með nokkurra daga fyrirvara og áminning send sama dag og fundur var haldinn. Engin viðbrögð frá nefndarmönnum, rætt hvort boða þurfi 1-2 varamenn fyrir fundi.

**Drekasvæði:** Gunnólfur kynnir stöðu í drekamáli þar sem vonast er til að rannsóknarleyfi verði aftur boðin út eftir áramót. Núna er mikil vinna í gangi í kynningarstarf ofl. Vegna stórskipahafnar í Finnafirði, bæklingur á ensku, kynning hjá kínverska sendiráðinu, forsetanum ofl. ráðamönnum. Næsta mál á dagskrá er að fá pening til jarðvegsrannsókna á svæðinu.

**Ferðamál** - hvað þarf að gera til að stoppa ferðamenn og undirbúa okkur fyrir næsta sumar. Nýr vegur skapar ný tækifæri en mikilvægt er að gera eitthvað t.d. í skemmtigarðinum til að fólk stoppi og gisti þá frekar og nýti aðra þjónustu og afþreyingu.

**Atvinnustefna :** Rætt um að móta þarf betri og markvissari atvinnustefnu fyrir Langanesbyggð og einnig um hlutverk nefndarinnar. Gunnólfur lagði fram grunnskipulag fyrir atvinnumálanefnd, það skipulag þarf að móta og aðlaga að nýrri nefnd með breyttum áherslum. Lagt til að senda grunnskipulagið á nefndarmenn og vinna í þessu á næsta fundi.

**Bókasafnið:** Aðspurður sagði Gunnólfur að bókasafnið eigi að heyra undir þessa nefnd (menningarnefnd). Það vantar meira utanumhald um bókasafnið sem hefur verið á vergangi síðastliðin ár. Rætt að finna þarf varanlegri lausn fyrir bókasafnið.

**Húsnæðismál :** Stuttlega rætt um húsnæðismál í Langanesbyggð og ákveðið að taka betur fyrir á næsta fundi. Húsnæðisskortur hamlar eðlilegri atvinnuþróun og ekki gott að sjá flott skrifstofu/atvinnuhúsnæði s.s. Ísfélagshúsið lítið notað. Þá liggur fyrir húsnæðisvandi hjá Menntasetrinu, grunnskólanum, félagsmiðstöð og bókasafni.

Fundi slitið.